

Fundargerð 11. fundar, 17. nóvember 2015

Mættir: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir, Aðalheiður Ámundadóttir, Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður)

Fundurinn hófst á því að HHH fór yfir þau mál sem stýrihópurinn þarf að fara að ganga frá.

1. Samskiptavernd og vernd milliliða.

HHH fór yfir bréf til höfundaréttarnefndar.

EP ætlar að leita til Jóns Vilbergs Guðjónssonar um spurningu 1 í bréfinu.

HHH sýndi bréfadrögin. HHH lagði til að aðeins yrði óskað svara frá höfundaréttarnefnd um spurningu 2 í bréfinu. Allir fundarmenn voru sammála þeirri tillögu.

2. Gagnageymd

AÁ greindi frá tillögu ÞKG um að frumvarpið yrði sent til IRR og því komið í feril þar. Hópurinn var sammála þeirri tillögu.

AÁ mun því kljúfa frumvarpið í tvo hluta, annars vegar þann hluta sem verður sendur IRR og hinsvegar þann hluta sem hópurinn mun halda áfram að vinna með.

3. Vernd afhjúpenda

AÁ hefur verkefni, sjá basecamp.

Rætt var um að Bláðamannafélag Íslands kynni að setja sig upp á móti frumvarpi Páls Hreinssonar og því nauðsynlegt að félagið verði vel upplýst innihald þess áður en það fari fyrir þing.

Ákveðið var að athuga hjá PÞ hvort það sé möguleiki að fá frumvarpið eins og það stendur í dag.

EÝG lagði til upplýsingafund með Bláðamannafélagi Íslands. HHH lagði til að EÝG mundi sjá um undirbúning slíks fundar.

4. Málskostnaður í málum er varða tjáningafrelsi:

HHH sagðist hafa það verkefni að taka saman stutt minnisblað um þetta atriði.

5. Fyrning meiðyrða:

Mat á því hvort tilefni sé til að aðhafast í þessu er hjá PÞ samhliða því sem hann skrifar frumvarp.

6. Meiðyrðamálaflakk

EÝG ítrekaði að ekki sé tilefni til að aðhafast hvað þetta varðar á meðan við erum ekki á leið í ESB.

7. 233. gr. a. alm. hgl.

Rætt var um hvort það væri samrýmanlegt starfssviði stýrihópsins að bæta hugtakinu „kynferði“ í ákvæðið, þar sem það myndi í reynd þrengja að tjáningafrelsinu. Ákveðið var að bæta hugtaskinu ekki í frumvarpsdrögin. Stefnt er að því að frumvarpið fari til refsiréttarnefndar til formlegrar umsagnar.

EÝG sér um að fjarlægja hugtakið úr núverandi drögunum.

8. Afnám refinga:

ÞÞ hefur tekið að sér að smíða frumvarp.

Næsti fundur 4. desember 2015 á Landslögum.